

HREYFING LEIKSKÓLABARNA

BANGSI Á FERÐ



Aldur: 2-4 ára.

Áherslupáttur: Kasta og grípa.

Efniviður: Mjúkdýr, bangsi eða bolti búinn til úr sokkapörum.

Kennslufræðilegar leiðbeiningar: Hér ræður ímyndunarleikurinn ríkjum, þar sem ekkert eitt er rétt. Aðaláherslan er að barnið fái þjálfun í að kasta og grípa með mjúkum hlutum af ólíkri stærð, áferð og ummáli. Það er auðveldara að kasta og grípa stóran bangsa en á sama tíma eru allir að kasta og grípa en gera sér ekki grein fyrir eðli hlutarins og vita ekki af erfiðleikastigum. Fylgist með kasttækni barnanna - yfirhönd og undirhönd. Hvetjið þau til að prófa bæði hægri og vinstri hönd.

Tími



Hvað?

Hvernig?

Hvers vegna?

Leikur - Ferðalagið

Safnið saman góðum fjölda af mjúku dótum í stórt ílát á mottu eða í ramma. Börnin hjálpast að við að ferja dótum frá einum stað til annars. Öll dýrin þurfa að fara frá A til B en það má aðeins taka eitt í einu.

Einfaldur ímyndunar- og hlutverkaleikur þar sem aðaláherslan er á samvinnu. Það má ganga með dótum á milli eða kasta því. Eins má hjálpast að við að kasta því á milli og ferja það þannig.

Leikurinn gefur þeim sem leiðbeinir tækifæri til að sjá stöðu barnanna í leiknum. Hverjir eru leiðtogar og hverja þarf að styðja í því hlutverki. Markvisst unnið með félagsþroskann.

Færniæfingar

Hvert barn fær eitt mjúkdýr/bangsa til að vinna með. Getið þið:

- Lyfta bangsa hátt upp í loft
- Láta bangsa sitja á höfðinu hneigja sig og grípa hann áður en hann dettur í gólfið
- Kasta bangsa upp og grípa
- Kasta herra og grípa
- Kasta bangsa upp og reyna að klappa saman lófum nokkrum sinnum
- Kasta bangsa upp - mynda körfu með höndum og láta bangsa detta í gegn
- Kasta bangsa frá einni línu í ílát eða form búið til með límbandi. Færa sig smátt og smátt fjær
- Tveir og tveir saman - annar myndar hring og hinn reynir að hitta í hringinn
- Tveir og tveir saman og kasta á milli og grípa bangsa til, sitt á hvað

Gott að byrja að æfa kast og grip með hlut sem er auðvelt að ná taki á og meiðir mann ekki ef grip gengur illa. Hvetjið börnin til að nota bæði vinstri og hægri hönd. Eins má kasta með báðum höndum í byrjun.

*Leyfið börnunum að prófa sig frjálst áfram og koma sjálf með tillögur að viðfangsefnum fyrir bangsa. Aðaláherslan er á **kast** og **grip**. Ágætt að hafa mjúkdýr eða hlutina í misjafnri stærð til að ögra þeim. Erfiðara að grípa minni hluti en stóra.

Hvert barn hefur sinn bangsa til að vinna með og þekkir sitt dýr auðveldlega frá hinum. Þannig má koma í veg fyrir ágreining.

Kasta og grípa eru grunnfærniæfingar og í byrjun er gott að hafa æfingarnar einfaldar og leikrænar, því er tilvalið að nota bangsa. Þjóða bangsa með í ævintýrin og spinna sögu inn í leikinn.

Dæmi:

„Getur bangsinn hoppað hátt upp í loft?“
„Getur hann flogið hátt upp í geim?“

Færni til framtíðar



Leikur - Álfaleikur

Læðast í kringum steina og passa að vekja ekki álfana. Þegar leiðbeinandi segir **stopp** eiga allir að frjósa og gera sig eins litla og hægt er. Setjast saman í lokin og ræða um verkefni tímans og um álfa og huldufólk.

Fá börnin til að læðast á tánum og hrjúfa sig saman eins lítil og þau geta þegar þau eiga að frjósa.

Vinna með vitsmunapróska og íslenskt mál í tengslum við æfingarnar. Eykur orðaforða barnanna.

